

4. gr.

Auk tilkynninga í auglýsingatíma Ríkisútvarpsins, sbr. 3. gr. skal Hafrannsóknastofnunin tilkynna Ríkisútvarpinu daglega fyrir kl. 9.30 um gildandi skyndilokanir. Í þeirri tilkynningu komi fram eftirgreind atriði varðandi hverja skyndilokun:

1. Til hvaða veiða bannið tekur.
2. Veiðisvæðið.
3. Hvenær bannið fellur úr gildi.

Skulu þessar tilkynningar lesnar á rás 1 í Ríkisútvarpinu daglega fyrir hádegisfréttir.

5. gr.

Upplýsingar um nánari mörk bannsvæða veitir Landhelgisgæslan og nærliggjandi strandarstöðvar.

Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu skulu kappkosta eftir föngum að koma upplýsingum um skyndilokanir á framfæri til veiðiskipa, sem vitað er að halda sig nærri þeim svæðum sem banna á veiðar á, eða ætla má að séu á leið þangað til veiða.

6. gr.

Ákveða skal skyndilokun þannig að hún taki ekki gildi, fyrr en veiðiskipum hefur gefist færi á að taka inn veiðarfæri sín. Skal við ákvörðun um gildistöku taka tillit til þess með hvaða veiðarfærum veiðar eru stundaðar á því svæði, sem banna á veiðar á.

7. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. janúar 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveita Akureyrar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveita Akureyrar takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns

kr.

106

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. Fyrir hverja húsveitu ákveður Hitaveita Akureyrar mælisstærð. Greiða skal mánaðargjald, sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fyrir hvern mæli:	kr.
a. fyrir mæla 15 mm	705
b. fyrir mæla 20 mm	1.716
c. fyrir mæla 25 mm	3.433
d. fyrir mæla 32 mm	6.866
e. fyrir mæla 40 mm	13.731
f. fyrir mæla 50 mm og stærri	27.462

4. gr.

C. Heimæðargjald skal reiknast 15 hundraðshlutar af gatnagerðargjaldi sem álagningarstofni samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld á Akureyri. Heimæðargjald skal þó aldrei vera lægra en sem svarar til heimæðargjalds af 400 m³ íbúðarhúsi (þetta gildir t.d. um hús með bráðabirgðaleyfi, og ýmis smáhýsi). Ekki skal reikna heimæðargjald af húsum er liggja utan svæða þar sem gert er ráð fyrir tengingu við hitaveitu.

Í heimæðargjaldi er innifalin ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkrana húss.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húseigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar er ekki innifalinn í heimæðargjaldi.	kr.
Tengigrind	21.191

5. gr.

Önnur gjöld:	kr.
D. 1. Lokunargjald	1.339
D. 2. Mælaálestrargjald (aukaálestur)	780

6. gr.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orku- lögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, staðfestist hér með til að taka gildi 1. janúar 1998, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 87, 17. janúar 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. janúar 1998.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.